



# Starfsleyfi- Drög

fyrir fiskmarkað með slægingu.

Nafn fyrirtækis: Fiskmarkaður Snæfellsbæjar ehf.

Heimilisfang: Bankastræti 1

Kennitala: 461015-0770

Póstnúmer: 355 Snæfellsbæ

Sími: 853-1007

Fasteignanr: 210-4033 221-8421

Nafn forsvarsmanns: Andri Steinn Benediktsson

Netf: [andri@fmsnb.is](mailto:andri@fmsnb.is)

Útgáfudagur leyfis: xx. febrúar 2021

Gildir til: xx. febrúar 2033

## 1. Almenn atriði

Fyrirtækið skal hlíta ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Einnig ákvæðum annarra laga og reglugerða sem gilda um starfsemina á hverjum tíma og skilyrðum á fylgiskjali með starfsleyfi þessu.

Fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands. Ef fyrirtækið flytur fellur starfsleyfið úr gildi.

Um starfsumhverfi og öryggi starfsmanna fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum með síðari breytingum.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Þó er heimilt er að yfirfæra starfsleyfið á nýjan eiganda enda verði ekki um aðrar breytingar að ræða.

Skylt er að framvísa leyfinu hvenær sem opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið skal endurskoðað að jafnaði á 4 ára fresti.

Leyfið er útgefið samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 og reglugerðar nr. 550/2018.

## 2. Gjaldskylda

Fyrirtækið skal greiða starfsleyfisgjald og síðan árlegt eftirlitsgjald í samræmi við gildandi gjaldskrá þar um. Gjald þetta skal standa undir kostnaði við reglubundið eftirlit Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.

Hvalfjarðarsveit, xx. febrúar 2021

---

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

# Fylgiskjal

## með starfsleyfi fiskmarkaður og slæging

Heilbrigðisnefnd Vesturlands veitir fyrirtækinu Fiskmarkaður Snæfellsbæjar ehf. starfsleyfi til að reka fiskmarkað með slægingu að Bankastræti 1 í Ólafsvík skv. fyrirbyggjandi umsókn. Forsvarsmaður er Andri Steinn Benediktsson.

### 1. Um starfsleyfið.

- 1.1. Gildistími starfsleyfisins er 12 ár frá útgáfudegi. Starfsleyfið skal endurskoða ef:
  - a) breytingar verða á eignarhaldi eða rekstri. Allar meiri háttar breytingar á rekstri skal tilkynna til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands með góðum fyrirvara þannig að a.m.k. gefist 4 vikur til að meta þær og hugsanleg áhrif á starfsleyfið.
  - b) fram koma skaðleg áhrif starfseminnar á umhverfið, meiri mengun af völdum atvinnurekstrarins en búast mátti við eða hætta sem ekki var áður ljós.
  - c) gerðar eru nýjar kröfur eða breytingar verða á bestu fánlegu tækni sem gildir um reksturinn.
- 1.2. Starfsleyfið er gefið út af Heilbrigðisnefnd Vesturlands í samræmi við 7. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- 1.3. Leyfið gildir fyrir fiskmarkað og slægingu allt að 150 tonnum af bolfiski á ári.
- 1.4. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, m. síðari breytingum.
- 1.5. Eintak af starfsleyfinu skal ávallt vera tiltækt í fyrirtækinu og skal kynna öllum starfsmönnum ákvæði þess. Forsvarsmaður fyrirtækisins er ábyrgur fyrir að það starfi samkvæmt því.

### 2. Húsnæði, lóðir, umhverfi og fastur búnaður.

- 2.1. Fyrirtækið skal halda húsnæði og umhverfi snyrtilegu.
- 2.2. Lóð fyrirtækisins skal haldið snyrtilegri, afgreiðsluþlön lögð bundnu slitlagi með niðurföllum og geymslusvæði afgirt (eftir þörfum).
- 2.3. Vistun á óhreinum ílátum undan hráefni, úrgangi eða öðru þ.h. er óheimil utandyra.
- 2.4. Loftræstingu skal þannig hátað að hún valdi ekki fólki í nærliggjandi húsakynnum eða vegfarendum óþægindum vegna lyktar, hávaða eða annarrar mengunar.
- 2.5. Fyrirtækið skal hafa fullnægjandi búnað, t.d. síu, slógbrunn og fitugildru, til að hindra að föst óhreinindi berist í holræsakerfið. Slíkum búnaði skal komið fyrir bæði við niðurföll á vinnslusvæði og plani þar sem ætla má að lífrænn úrgangur falli til. Sé búnaður ekki hreinsaður með samfelldum hætti skal hreinsa hann daglega eða með öðru viðeigandi millibili. Aðstaða skal vera til að geta mælt frárennsli frá hreinsibúnaði.
- 2.6. Eftirlit og viðhald með vélum og mengunarvarnabúnaði skal ávallt vera með þeim hætti að ekki eigi sér stað óleyfileg útlosun.

### 3. Starfsemin.

- 3.1. Allt hráefni og úrgang skal geyma innandyra eða á annan hátt sem Heilbrigðiseftirlit Vesturlands getur samþykkt.
- 3.2. Óheimilt er að farga lífrænum úrgangi, s.s. slógi, beinum og roði, um niðurföll. Slíkan úrgang eða hráefni til bræðslu skal ísa, geyma í kæli eða frysta ef hann er ekki fluttur daglega úr fyrirtækinu.
- 3.3. Lífrænn úrgangur skal fluttur burt í lokuðum tönkum eða í heilum körum og/eða flutningstækjum með tryggri yfirbreiðslu.
- 3.4. Hvers konar urðun eða brennsla úrgangs er með öllu óheimil á vegum fyrirtækisins.
- 3.5. Fyrirtækið skal takmarka lykt og hávaða frá starfseminni eins og kostur er. Umhverfishávaði skal vera innan þeirra marka sem gert er ráð fyrir í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.
- 3.6. Eftirlit, rekstur og viðhald tækja og búnaðar skal ávallt vera með þeim hætti að ekki eigi sér stað óleyfileg útlosun.
- 3.7. Sækja þarf um sérstakt leyfi fyrir öllum olíutönkum og hlíta kröfum um umbúnað.

4. Notkun og meðferð hættulegra efna.
  - 4.1. Umbúðir hættulegra efna skulu merktar samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna um flokkun m.s.br. Starfsfólk skal hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tilrækar á vinnustað.
  - 4.2. Verði óhapp eða slys við meðhöndlun hættulegra efna s.s. ósoneyðandi kælimiðla eða spilliefna, þannig að hætta sé á umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings, ber tafarlaust að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að stöðva leka og forðast umhverfismengun og slys á fólki. Tilkynna skal atvikið til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands eins fljótt og auðið er.
  - 4.3. Fyrirtækið skal safna öllum spilliefnum sem falla til við starfsemi þess.
  - 4.4. Geyma skal spilliefni og hættuleg úrgangsefni þar sem ekki er hætta á að umbúðir verði fyrir hnjaski. Spilliefni skal ekki geyma til langframa á umráðasvæði fyrirtækisins. Þeim skal skilað til viðurkenndrar móttökustöðvar.
  
5. Eigið eftirlit.
  - 5.1. Fyrirtækið skal halda dagbók þar sem skráð er jafnóðum:
    - a) Magn lífræns úrgangs sem fyrirtækið lætur frá sér.
    - b) Hreinsun brunna og skilja í fráveitu.
    - c) Bilanir á mengunarvarnabúnaði.
    - d) Kvartanir sem berast vegna starfseminnar.
  
6. Helstu lög og reglugerðir sem starfsemina varða og rekstraraðilar uppfylli
  - a) Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
  - b) Lög nr. 55/2003 og reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.
  - c) Reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.
  - d) Reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002
  - e) Reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.
  
7. Starfsemi hætt.
  - 7.1 Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Vesturlands ef starfsemi fyrirtækisins er lögð niður.
  - 7.2 Leggist starfsemin niður skal öllum hættulegum efnaleifum og ónothæfum efnum skilað til móttökustöðvar fyrir hættulegan efnaúrgang.
  
8. Ýmis skilyrði.
  - 8.1 Skylt er að tilkynna öll mengunaróhöpp til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.
  - 8.2 Um aðgang að upplýsingum fer samkvæmt lögum um upplýsingarétt um umhverfismál nr. 23/2006, upplýsingalögum nr. 140/2012, lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.
  - 8.3 Heilbrigðisnefndum, heilbrigðisfulltrúum og starfsmönnum Umhverfisstofnunar skal heimill aðgangur að fyrirtækinu til skoðunar og eftirlits.
  - 8.4 Forsvarsmönnum fyrirtækisins er skylt að veita þessum aðilum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlitsins svo og að afhenda sýni endurgjaldslaust.
  - 8.5 Fyrirtækinu ber að greiða Heilbrigðiseftirliti Vesturlands gjald vegna útgáfu og kynningu á starfsleyfinu svo og árlegt eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Vesturlands. Ef grípa þarf til sérstakra rannsókna eða auka eftirlits vegna starfseminnar er fyrirtækinu skylt að greiða fyrir þær.

Hvalfjarðarsveit, xx. febrúar 2021

---

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

## **Greinargerð með starfsleyfistillögu:**

Andri Steinn Benediktsson hefur fyrir hönd Fiskmarkaðar Snæfellsbæjar ehf. sótt um nýtt starfsleyfi fyrir fiskmarkað fyrirtækisins að Bankastræti 1 í Ólafsvík. Í húsnæðinu var áður starfsemi fiskvinnslunnar Glacierfish og þar á undan fiskiðjan Bylgjan. Fiskmarkaður Snæfellsbæjar var áður með starfsemi á Ennisbraut 34.

Hjá Fiskmarkaði Snæfellsbæjar starfa að jafnaði 7 manns.

Slógsbrunnur er tengdur við fráveitu markaðarins fyrir utan húsnæðið.

Allur fiskur sem fiskmarkaðurinn landar kemur í fiskikörum og kældur með ís.

Fiskmarkaðurinn landar og flokkar um 10.000 tonn af bolfiski á ári, en af því eru um 3.000 - 4.000 tonn slægð óski kaupandi þess. Allt slóg sem fellur til við slægingu er nýtt af öðrum fyrirtækjum, Akraborg í Ólafsvík og Lýsi í Reykjavík. Afgangsfiskur er einnig sendur burt og nýttur af Skinnfiski í Sandgerði.

Fyrirtækið Kæling þjónustar kælibúnað fiskmarkaðarins en í húsnæðinu eru 2 kælibúnt og 1 kælivél/pressa. Kælikerfi hefur nýlega verið endurnýjað og er einn fastur starfsmaður (vélstjóri) sem sér um viðhald kælikerfisins.

Kælimiðlar sem notaðir eru: R422 og R404. 5 litlar pressur eru við frystiklefana, með ammoníak (100 kg) og hin 200-300 kg af kælivökva.

Fráveitukerfið er tengt tengibrunni neðan við húsið og síðan slóg eða fastefnaskilju til hliðar við húsið. Í gólfi eru niðurfallsrennur með krókagildrum og litlar hreinsieiningar í endum rennunar. Athafnasvæði utanhúss er með bundnu slitlagi. Á staðnum er 1 stór kæli fyrir afurðir, 1 frystir fyrir beitu, og 1 hraðfrystir sem nota á fyrir makríl þegar/ef hann er unninn.

Meðfylgjandi starfsleyfisdrög eru samin í samræmi við lög um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit m.s.br.

Starfsleyfistillöguna ber að auglýsa á heimasíðu útgefanda og gefnar 4 vikur til að gera athugasemdir.

Jafnframt verður tillagan send umsækjanda og skrifstofu Snæfellsbæjar.